

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd.



Dags eftirlits	26.9.2012	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Fulltrúi UST	Valur Klemensson
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600893-2469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurðsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Urðunarframkvæmdir að Strönd voru í lagi. Gerðar eru tvær athugasemdir og eitt frávik staðfest. Athugasemdir eru gerðar vegna árlegs magns lífræns úrgangs sem berst að Strönd og mælingar á hauggasi. Frávikið varðar ófullnægjandi geymsluaðstöðu fyrir ónýta bíla, en þá skal geyma á malbikuðu eða steypu plani.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslur með umsjónarmanni, helst var rætt um fyrirkomulag er varðar magn lífræns úrgangs en geymslu- og urðunarsvæði var síðan skoðað. Þá var farið yfir fyrirkomulag mælinga á vatni og hauggasi.

Frávik frá

Geymsla ökutækja að Strönd er ekki í samræmi við 1. tl. 1. viðauka reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja. Þar er gerð krafa um að stæði bíla skuli steyp eða malbikuð o.fl.

Lýsing á frávik

Nokkrir bílar voru enn á malarlögðu geymslusvæði.

ATHUGASEMDIR

Fram kom við eftirlit að ekki yrði tekið við meira en 800 tonnum af lífrænum úrgangi árlega. Þegar því magni er náð hafnar rekstraraðili móttöku hans, en Sorpa hefur samþykkt að taka við honum eftir það. Í þessu sambandi er rétt að minna á beiðni Umhverfisstofnunar um mánaðarlegar upplýsingar (frá 1.6.sl) um móttækið magn úrgangs, sjá bréf dagsett 30.4.sl.

Á síðasta ári fóru fram mælingar á hauggasi á urðunarstaðnum, þar sem nokkuð er urðað þar af lífrænum úrgangi. Samkvæmt reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs ber rekstraraðilum er taka við lífrænum úrgangi að mæla og safna hauggasi. Hauggasmyndun og söfnun hauggass er háð margvíslegum þáttum og er ekki í öllum tilfellum umhverfislega hagkvæmt að safna því. Þó að tilhögun mælinga og söfnunar á hauggasi sé tilgreind í reglugerðinni var nauðsynlegt að útfæra þessa þætti nánar og ákvað Umhverfisstofnun að gefa rekstraraðilum færi á að kanna hagstæða farvegi fyrir lífrænan úrgang og fól Umhverfisstofnun jafnframt að ákvarða viðmið um hauggas. Umhverfisstofnun gaf rekstraraðilum urðunarstaða er urða lífrænan úrgang frest til að ákveða hvort lífrænn úrgangur verði urðaður áfram til 15.2.2013. Ef ætlunin er að hætta urðun þessa úrgangsflokks skal henni hætt í síðasta lagi 16. júlí.2013. Umhverfisstofnun fer ekki fram á mælingar á hauggasi á þessu ári.

Reykjavík, 29.11.2012

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.